

Fundargerð:

Aðalfundur fulltrúaráðs Sólheima 2016

Fundurinn var haldinn að Sólheimum laugardaginn 30. apríl 2016 og hófst kl.13.15.

Fundinn sátu úr fulltrúaráði Sólheima: Arna B.Einarsdóttir, Edda Björgvinsdóttir, Fanney Proppé, Guðmundur Bjarnason, Margrét Tómasdóttir, Magnús Ólafsson, Óðinn Jónsson, Ómar Einarsson, Pétur Sveinbjarnarson, Sigríður Jóna Friðriksdóttir, Valgeir Ástráðsson og Vilhjálmur Vilhjálmsson. Mætt voru að auki Guðmundur Ármann Pétursson framkvæmdastjóri, Einar Páll Bjarnason fjármálastjóri og Margrét Pétursdóttir löggiltur endurskoðandi.

Pétur Sveinbjarnarson formaður framkvæmdarstjórnar setti fundinn og bauð fulltrúaráðsmenn og gesti velkomna.

1. Kjör fundarstjóra og fundarritara.

Margrét Tómasdóttir var kjörinn fundarstjóri og Einar Páll Bjarnason fundarritari.

2. Skýrsla stjórnar.

Skýrsla stjórnar liggur fyrir í prentuðu máli.

Stjórnarformaður Pétur Sveinbjarnarson flutti skýrslu stjórnar.

3. Ársreikningar.

Margrét Pétursdóttir löggiltur endurskoðandi kynnti og skýrði ársreikninga Sólheima, Styrktarsjóðs Sólheima og Hitaveitu Sólheima.

Reikningarnir voru samþykktir samhljóða.

4. Fjárhagsáætlanir 2016

a) Sólheimar;

Guðmundur Ármann Pétursson kynnti fjárhagsáætlun fyrir árið 2016.

Óðinn Helgi spurði eftir hvaða áætlun Árborg væri að greiða. Sigríður Jóna taldi það mikið ábyrgðarleysi að reka Sólheima með tapi ár eftir ár og taldi að það yrði að komast að því hvers vegna aðrar stofnanir fengju miklu hærri framlög. Ómar taldi málefni fatlaðaðra vera í algjörum ólestri. Óðinn tók undir með Ómari en taldi að það væri þó ljós í myrkrinu að Árborg greiddi eftir gamla samningnum. Vilhjálmur sagði að sér liði illa með þá stöðu sem Sólheimar væru í. Ómar vakti athygli á því að hækkun til Jöfnunarsjóðs hefði verið einn og hálfur milljarður. 40% af því hefði farið á höfuðborgarsvæðið.

Hvernig skiptust þessi 60%? Guðmundur Bjarnason benti á að mjög góð greinargerð frá formanni stjórnar Sólheima ses. hefði borist áður en málefni fatlaðra voru flutt til sveitarfélaga. Spurði hvort einhver nefnd væri í gangi til viðræðna við Árborg. Pétur upplýsti að samningaviðræður væru í gangi við Árborg og Bergisann.

Vilhjálmur lagði fram tillögu um að afgreiðslu um fjárhagsáætlun verði frestað og fulltrúaráð heimili stjórn að vinna eftir þeim gögnum sem fyrir liggja þar til samningar eru undirritaðir við Bergisann.

Samþykkt samhljóða.

b) Styrktarsjóður

Stjórnarformaður kynnti fjárhagsáætlun 2016.

Samþykkt samhljóða.

5. Kjör nýrra fulltrúaráðsmanna

Samkvæmt skipulagsreglum Sólheima rennur skipunartími fjögurra fulltrúaráðsmanna út á þessum tímamótum en þeim er heimilt að að vera í framboði nú. Þeir eru Edda Björgvinsdóttir, Fanney Proppé, Óðinn Helgi Jónsson og Ómar Einarsson. Fanney Proppé gefur ekki kost á sér og einnig hefur Sverrir Berg Steinarsson tilkynnt að hann gefi ekki kost á sér áfram.

Gerð er eftirfarandi tillaga um skipan fimm fulltrúaráðsmanna til næstu fjögurra ára: Edda Björgvinsdóttir, Óðinn Helgi Jónsson, Ómar Einarsson, Hildur Ómarsdóttir og Sigurjón Þórsson.

Samþykkt samhljóða.

6. Kosning formanns framkvæmdastjórnar

Vilhjálmur Vilhjálmsson bar upp tillögu uppstillingarnefndar um Pétur Sveinbjarnarson.

Samþykkt samhljóða.

7. Kosning fjögurra einstaklinga og eins til vara í framkvæmdastjórn

Vilhjálmur Vilhjálmsson bar upp tillögu uppstillingarnefndar um Magnús Ólafsson, Ómar Einarsson, Sigurjón Þórsson og Sigríði Jónu Friðriksdóttur til vara Óðinn Helgi Jónsson.

Samþykkt samhljóða.

8. Kosning formanns stjórnar Styrktarsjóðs Sólheima

Vilhjálmur Vilhjálmsson bar upp tillögu uppstillingarnefndar um Pétur Sveinbjarnarson.

Samþykkt samhljóða.

9. Kosning stjórnar Styrktarsjóðs Sólheima

Vilhjálmur Vilhjálmsson bar upp tillögu uppstillingarnefndar um Magnús Ólafsson, Ómar Einarsson, Sigríði Jónu Friðriksdóttur og Sigurjón Þórsson. Varamaður í stjórn verði kjörinn Óðinn Helgi Jónsson.

Samþykkt samhljóða.

10. Ráðning löggilts endurskoðanda Sólheima og Styrktarsjóðs

Arna B. Einarsdóttir, Ómar Einarsson og Sigríður Jóna báru upp tillögu uppstillingarnefndar um Margrétu Pétursdóttur löggiltan endurskoðanda hjá Ernst & Young.

Samþykkt samhljóða.

11. Kosning tveggja skoðunarmann reikninga Sólheima og Styrktarsjóðs

Arna Einarsdóttir, Ómar Einarsson og Sigríður Jóna gerðu tillögu um Ólaf Gústafsson og Vilhjálm Vilhjálmsson.

Samþykkt samhljóða.

12. Leiðarlýsing – Sólheima 100 ára

Lögð var fram skýrsla um fimmtán ára framtíðarsýn: Ómar Einarsson sagði að það hefði komið sér á óvart hvað fólk veit almennt lítið um starfsemi Sólheima og taldi rétt að umrædd skýrsla komi í minna broti. Valgeir Ástráðsson benti á að gott væri að hafa málþing um þessa skýrslu. Guðmundur Bjarnason þakkaði fyrir vel unna skýrslu og tók undir orð Ómars og Valgeirs. Edda Björgvinsdóttir benti á að gott væri að þessi skýrsla færi á heimasíðu Sólheima. Sigríður Jóna sagði frá riti sem Sigmundur faðir Sesselju Hreindísar gaf út og rann ágóði til barnastarfs. Margrét Tómasdóttir þakkaði Fanneyju Proppé fyrir setu hennar í fulltrúaráði Sólheima. Formaður þakkaði fulltrúum fyrir góðan fund og Fanneyju og öðrum sem hverfa úr fulltrúaráði fyrir góð störf.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið 15.30

Einar Páll Bjarnason, ritari.